

## GJALDSKRÁ

### fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð.

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjöld.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta sérstaklega byggingarleyfisgjöld fyrir byggingar sem eru 10 m<sup>2</sup> eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða (þær eru þó ávallt leyfisskyldar).

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóðar og samþykki fyrir breittri notkun húsa greiðist grunnjald samkvæmt eftirfarandi:

Grunnjald, byggingar allt að 60 m<sup>2</sup> kr. 16.600

Grunnjald, byggingar stærri en 60 m<sup>2</sup> kr. 25.600

Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga samkvæmt eftirfarandi:

|   | Kr. pr. m <sup>2</sup> |
|---|------------------------|
| Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir og skrifstofur     | 256                    |
| Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir                              | 186                    |
| Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker o.fl.             | 126                    |
| Fristundahús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.                    | 516                    |
| Byggingarleyfisgjöld eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis. |                        |

#### 2. gr.

##### *Afgreiðslugjöld og þjónustugjöld.*

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veitir umfram þá sem er innifalín er í byggingarleyfisgjaldi.

Fyrir framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga getur sveitarstjórn ákveðið gjald eftir umfangi framkvæmda.

| <i>Grunnjald</i>                                      | <i>kr.</i> |
|---|------------|
| 1. Aðrar afgreiðslur byggingarnefndar/framkvæmdaleyfi | 6.600      |
| 2. Lóðaúthlutunargjald óendurkræft                    | 11.600     |
| 3. Vottorð um byggingarstig húsa                      | 14.600     |
| 4. Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar                 | 14.600     |
| 5. Endurskoðun aðaluppdráttar                         | 9.600      |
| 6. Fyrir minniháttar grenndarkynningu                 | 9.600      |
| 7. Fyrir meiriháttar grenndarkynningu                 | 26.200     |
| 8. Fyrir útmælingu lóðar og lóðarsamnings             | 14.600     |
| 9. Fyrir breytingu á lóðarsamningi                    | 9.600      |
| 11. Afgreiðsla skráningartöflu                        | 18.600     |
| 12. Önnur vottorð                                     | 14.600     |

Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga sé um slíkan kostnað að ræða.

#### 3. gr.

##### *Tengigjald vatnsveitu.*

Tengigjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

| <i>Tengigjald</i> | <i>kr.</i> |
|-------------------|------------|
| 32 mm             | 45.000     |
| 40 mm             | 55.000     |
| 50 mm             | 65.000     |
| 63 mm             | 75.000     |
| 75 mm             | 85.000     |
| 90 mm             | 95.000     |

Starfsmenn vatnsveitu sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka inni í húsi.

Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð á frostfríu dýpi og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

## 4. gr.

*Tengigjald fráveitu.*

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

Tengigjald fráveitu 40.000 kr.

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

## 5. gr.

*Stöðuleyfi gáma o.þ.h.*

|                                       |       |        |            |
|---------------------------------------|-------|--------|------------|
| Tímabundin stöðuleyfi hjólhýsa o.þ.h. | á ári |        | 11.600 kr. |
| Tímabundin stöðuleyfi gáma o.þ.h.     | á ári | 20 fet | 14.600 kr. |
|                                       |       | 40 fet | 24.600 kr. |

Gámasvæði utan Víðidalsár:

|              |       |            |
|--------------|-------|------------|
| Gámar 20 fet | á ári | 6.000 kr.  |
| Gámar 40 fet | á ári | 12.000 kr. |

## 6. gr.

*Samþykkt og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, 10. gr. laga nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og 15. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Gjaldskráin sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, öðlast gildi við birtingu og falla þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrár.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í ágúst 2010 (102,2 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölunni.

*Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar, 24. ágúst 2010.*

F.h. Strandabyggðar,

**Ingibjörg Valgeirsdóttir** sveitarstjóri.